

## Verklagsreglur

### Áfengis- og fíkniefnameðferð á stofnunum erlendis.

Í lögum um sjúkratryggingar er kveðið á greiðslur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir lækni meðferð erlendis og hafa ákvæði laganna verið nánar útfærð í reglugerð. Þá gilda einnig evrópskar reglur á þessu sviði.

Í reglugerð nr. 712/2010, um brýna lækni meðferð erlendis þegar ekki er unnt að veita nauðsynlega aðstoð hér á landi, segir að SÍ greiði fyrir lækni meðferð erlendis (á grundvelli 23. gr. laganna) ef ekki er unnt að veita viðkomandi nauðsynlega aðstoð hér á landi.

Fíknimeðferð er í boði á Íslandi.

Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna annars konar meðferðar en lækni meðferðar, svo sem þjálfunar eða sálfræðimeðferðar. Þá er það skilyrði að um ákveðna afmarkaða meðferð sé að ræða, sem oftast lýkur á skömmum tíma og varir í hæsta lagi örfáa mánuði í alvarlegustu tilvikunum. Ekki er því heimilt að taka þátt í kostnaði vegna vistunar á stofnunum erlendis um lengri tíma.

Slík meðferð samrýmist því ekki ofangreindu ákvæði reglugerðarinnar og SÍ er þ.a.l. ekki heimilt að samþykkja meðferð á grundvelli 1. mgr. 23. gr. laga um sjúkratryggingar.

Þeir einstaklingar sem óska eftir að dveljast á meðferðarstofnunum erlendis vegna fíknar geta samt sem áður óskað eftir greiðsluþátttöku SÍ á grundvelli s.k. landamæratilskipunar, reglugerð nr. 484/2016, (sbr. 23. gr. a laganna) þar sem skilyrði til greiðsluþátttöku eru rýmri. Skilyrði er að sótt sé um hana áður en meðferð hefst. SÍ endurgreiða þá viðkomandi sömu fjárhæð og meðferð hér á landi hefði kostað og aldrei meira en raunkostnað. Áfengis og fíknimeðferð er sem fyrr segir í boði hér á landi bæði á geðdeildum og hjá SÁÁ. Algengt er að hún standi í 10 daga (afeitrun) + 28 daga (eftirmeðferð) eða að hámarki 38 dagar. (Upphæðir að hámarki: 10 daga afeitrun 2020 kr 406.720 og 28 daga framhaldsmeðferð 2020 kr: 419.328)

SÍ er ekki heimilt að greiða ferða- og uppihaldskostnað.

**Verklagsregla:** SÍ afgreiða umsóknir vegna fíknimeðferðar á erlendum sjúkrastofnunum á grundvelli landamæratilskipunar, sbr. reglugerð nr. 484/2016, skv. 23. gr. a laga nr. 112/2008. Ekki er heimilt að samþykkja greiðsluþátttöku í slíkri meðferð á grundvelli 1. mgr. 23. gr. laga um Sjúkratryggingar sbr. reglugerð nr. 712/2010. Regla þessi gildir frá 1. maí 2020.